

Borgarráð

Starfshópur um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti eru lögð fram til kynningar.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti þann 26. janúar 2017 samning milli Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) og Reykjavíkurborgar sem felur í sér mikilvæga fjárfestingu í innviðum fyrir íþróttaiðkun barna- og ungmenna í öllu Breiðholti. Til að tryggja að þau markmið samningsins gangi eftir er mikilvægt að markviss vinna fari þegar í farveg á grundvelli 9. greinar samningsins. Hlutverk starfshóps um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti er að annast viðræður og tillögugerð um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti, með það að markmiði að auka þátttöku barna og unglunga í íþróttum í öllu hverfinu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Borgarráð samþykkti þann 26. janúar 2017 samning milli Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) og Reykjavíkurborgar sem felur í sér mikilvæga fjárfestingu í innviðum fyrir íþróttaiðkun barna- og ungmenna í öllu Breiðholti. Til að tryggja að þau markmið samningsins gangi eftir er mikilvægt að markviss vinna fari þegar í farveg á grundvelli 9. greinar samningsins.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að annast viðræður og tillögugerð um eflingu íþróttastarfs í Breiðholti, með það að markmiði að auka þátttöku barna og unglunga í íþróttum í öllu hverfinu.

Helstu verkefni:

- Greining á þörf og áhugasviði barna og ungmenna m.t.t. íþróttar og hreyfingar.
- Greining á framboði, þátttöku og hugsanlegum hindrunum þar með talið staðsetningu mannvirkja, leiðum til að auðvelda þátttöku barna og unglunga og hvað þurfi til að tryggja heilstæða þjónustu í öllu hverfinu.
- Greining á áhrifum félagslegrar stöðu á íþróttaiðkun.

Starfshópurinn skipa:

Sviðsstjóri íþróttar- og tómstundasviðs (formaður).

Fulltrúi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Fulltrúi hverfisráðs Breiðholts.

Fulltrúi Íþróttafélags Reykjavíkur.

Fulltrúi Íþróttafélagsins Leiknis.

Fulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Fulltrúi Sundfélagsins Ægis.

Starfsmaður:

Starfsmenn íþróttar- og tómstundasviðs og þjónustumiðstöð Breiðholts eftir atvikum og vinnu hópsins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Starfshópur skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. júní 2017.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson